

L Ö G**55**

28. jan.

um breyting á lögum nr. 60 28. nóv. 1919, um hafnargerð í Ólafsvík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. másl. 3. gr. laganna orðist svo:

Sérhver er skyldur til að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir, vegi, byggingar og hverskonar mannvirki, er hafnarnefnd telur nauðsynleg í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, möl eða önnur jarðefni, og þola þær eignarkvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalínborg, 28. janúar 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G**56**

28. jan.

um útflutning á síldarmjöli.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Pétterski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landbúnaðarráðherra er heimilt að banna eða takmarka útflutning á síldarmjöli úr landinu, ef nauðsyn þykir vegna fódurskorts.